

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2015/210

2016/EES/18/35

frá 10. febrúar 2015

um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 frá 15. janúar 2008 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á brenndum drykkjum ⁽¹⁾, einkum 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Á Spáni er hefð fyrir því að framleiða brenndan drykk, sem er framleiddur með því að leggja þyrniplómur (*Prunus spinosa*) í bleyti í etanol úr landbúnaði, og spænskir neytendur þekkja hann almennt sem „Pacharán“. Þar eð ekki er fyrir hendi flokkur brenndra drykkja sem samsvarar „Pacharán“ og til að miðla skýrum upplýsingum til neytenda sem ekki eru spænskir og til að endurspeglja efnahagslega þróun og markaðsþróun ætti að bæta nýjum flokki, sem nefnist „Brenndur drykkur kryddaður með þyrniplómum eða Pacharán“, í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008. Til þess að tryggja vernd neytenda og fjárhagslega hagsmuni framleiðenda ætti nýi flokkurinn að innihalda tækniforskriftir sem byggjast á mati á fyrirliggjandi gæða- og framleiðsluþáttum sem notaðir eru á markaði Sambandsins.
- 2) Í ljósi þess orðspors sem fer af „Pacharán“, sem neytendur tengja sjálfkrafa við Spán, eins og áður hefur verið viðurkennt, er eingöngu heimilt að nota heitið „Pacharán“ sem söluheiti þegar varan er framleidd á Spáni. Þegar varan er framleidd utan Spánar má eingöngu nota heitið „Pacharán“ til viðbótar við söluheitið „Brenndur drykkur kryddaður með þyrniplómum“ ásamt tilgreiningu á landinu þar sem framleiðslan á sér stað.
- 3) Flytja ætti landfræðilegu merkinguna „Pacharán navarro“, sem er skráð í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 undir „Aðrir brenndir drykkir“, í flokkinn „Brenndur drykkur kryddaður með þyrniplómum eða Pacharán“ í sama viðauka.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 110/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um brennda drykki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 110/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í II. viðauka bætist við eftirfarandi liður 37a á eftir lið 37 Sloe gin:

„37a „Brenndur drykkur kryddaður með þyrniplómum eða Pacharán“

Brenndur drykkur kryddaður með þyrniplómum eða *Pacharán* er brenndur drykkur:

- a) þar sem bragðið af þyrniplómum er ríkjandi og er fengið með því að leggja þyrniplómur (*Prunus spinosa*) í bleyti í etanol úr landbúnaði, að viðbættum náttúrulegum kjörnum af anís og/eða eimi úr anís,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 35, 11.2.2015, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 22/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

- b) sem hefur lágmarksalkóhólstyrkleikann 25% miðað við rúmmál,
- c) þar sem við framleiðslu hafa verið notuð að lágmarki 125 g af þyrniplómum á hvern lítra af lokaafurð,
- d) þar sem innihald sykurs, gefinn upp sem andsykur, er á bilinu 80–250 g á hvern lítra af lokaafurð,
- e) þar sem skynmatseinkennin, liturinn og bragðið fást eingöngu úr ávextinum sem er notaður og anísnum.

Heitið „Pacharán“ má eingöngu nota sem söluheiti þegar varan er framleidd á Spáni. Þegar varan er framleidd utan Spánar er má eingöngu nota „Pacharán“ til viðbótar við söluheitið „Brenndur drykkur kryddaður með þyrniplómum“ að því tilskildu að því fylgi orðin: „framleitt í ...“, og þar á eftir komi heiti aðildarríkisins eða þriðja landsins þar sem framleiðslan á sér stað.“

2) Ákvæðum III. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í vöruflokknum „Aðrir brenndir drykkir“ falli eftirfarandi færslur brott:

	„Pacharán navarro	Spánn
	Pacharán	Spánn“

- b) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir vöruflokki 34:

„37a. Brenndur drykkur kryddaður með þyrniplómum eða Pacharán	Pacharán navarro	Spánn“
---	------------------	--------

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Brennda drykki, sem svara til vöruflokksins „Brenndur drykkur kryddaður með þyrniplómum eða Pacharán“ sem eru ekki merktir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 110/2008, má áfram setja á markað þar til birgðir eru uppnar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.